



BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, mánudagur, 11. maí 2020
Tilvísun: 2020020053/33

Efni: Umsögn – Frumvarp til laga um breytingar á barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (skipt búseta barns o.fl.) ásamt breytingum á ýmsum lögum.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 6. maí sl. þar sem stofunni var gefið tækifæri á að koma á framfæri athugasemdum um frumvarp til laga um breytingar á barnalögum nr. 76/2006 (skipt búseta barns) ásamt breytingum á ýmsum lögum. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið. Lýsir stofan jafnframt yfir ánægju sinni með frumvarpið og fagnar því að stigið sé skref í þá átt að jafna aðstöðumun foreldra sem búa ekki saman en koma sameiginlega að umönnun og uppeldi barna sinna.

Frumvarpið gerir ráð fyrir breytingum og viðbótum á barnaverndarlögum nr. 80/2002 í fjórum liðum. Telur Barnaverndarstofa ekki tilefni til að fjalla sérstaklega um fyrstu þrjá liðina, þ.e. um breytingar á 1. mgr. 15. gr., 3. mgr. 24. gr. og 2. málsl. 4. mgr. 25. gr.

Í d-lið 1. töluliðar 29. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýju ákvæði í 67. gr. c. þar sem fjallað er um réttarstöðu þegar foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns, nánar tiltekið þegar einungis annað þeirra afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun barns utan heimilis annars foreldris skv. 27. eða 28. gr. Í slíkum tilvikum gerir ákvæðið ráð fyrir því að hitt foreldri fari áfram með umsjá barnsins án þess að nokkuð mat barnaverndarnefndar fari fram á því hvort það sé barninu fyrir bestu og án þess að til sérstakrar ráðstöfunar komi af hálfu barnaverndaryfirvalda. Sömuleiðis gerir ákvæðið ráð fyrir þessu ef annað foreldri afsalar sér forsjá skv. 25. gr. eða er svipt forsjá skv. 29. gr.

Telur Barnaverndarstofa brýnt að ákvæðið endurspegli það sjónarmið og þá meginreglu barnaverndarlaga að beita skuli þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 4. gr. bvl. og 1. mgr. 3. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sbr. lög nr. 19/2013. Ennfremur telur stofan að ákvæðið ætti að samræmast því sem fram kemur í ákvæði 67. gr. b. sem fjallar um réttarstöðu foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða. Í 2. mgr. 67. gr. b. er kveðið á um að hitt foreldrið taki við umsjá barns meðan tímabundin ráðstöfun varir sé það talið barni fyrir bestu. Þá skuli barnaverndarnefnd meta hæfi

Þess foreldris og gera skriflegan samning um umsjána. Telji barnaverndarnefnd það barni fyrir bestu að aðrir taki við umsjá barnsins getur hitt foreldrið sem óskað hefur eftir að fá umsjá barns skotið synjun til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Barnaverndarstofa mælir í samræmi við framangreint með því að orðalagi ákvæðisins verði breytt á þann veg að barnaverndarnefnd sé, líkt og í öðrum tilvikum þegar um er að ræða vistun utan heimilis og foreldrar fara sameiginlega forsjá, falið að meta það, a.m.k. upp að vissu marki, hvort það sé barni fyrir bestu að hitt foreldri fari með umsjá þess. Í vissum tilvikum geta aðstæður barns krafist þess að aðrar ráðstafanir verði gerðar, en núverandi orðalag útilokar að mat á því hvort slíkt sé nauðsynlegt geti farið fram. Verði ákvæðinu haldið í óbreyttri mynd telur Barnaverndarstofa að nauðsynlegt væri að skerpa á orðalagi 25. og 27. gr. til samræmis við þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu að því leyti að um sé að ræða tvær aðskildar ráðstafanir, þ.e. að vistun barns utan heimilis, með eða án samþykkis foreldri, geti annars vegar beinst að öðru foreldrinu og hins vegar báðum foreldrum samhliða þegar samið hefur verið um skipta búsetu.

Í 3. mgr. 67. gr. b. kemur fram að ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjána afsalar sér forsjá eða er eitt svipt forsjá þá fer hitt foreldrið eftir það eitt með forsjá. Eru ákvæðin sambærileg að þessu leyti og gerir Barnaverndarstofa ekki athugasemdir við orðalag hins nýja ákvæðis hvað þetta varðar, né efni frumvarpsins að öðru leyti.

Barnaverndarstofa veitir nefndarsviði Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á, verði óskað eftir því.

Virgíu Þorvaldsson
f.h. Barnaverndarstofu

Hafdís Una Guðbjardóttir
lögfræðingur